


VIKAN

43. töl. 26. okt. 1961. 23. árg. Verð kr. 15.00



8 AUKASÍÐUR UM BÍLA

Forsíðumyndin er tekin neðst á Amtmannsstígunum, en það hvernig við fengum turninn til að hallast rétt eins og hann væri skakki turninn í Písa, er atvinnuleyndarmál. En okkur langar til að kynna fyrir ykkur þessa fallegu stúlku, sem stendur framan við bílinn.

Hún heitir Guðrún Bjarnadóttir og er úr Njarðvíkum. Faðir hennar rekur slipp þar og Guðrún vinnur hjá honum. Ekki beinlínis í slippnum, heldur eitthvað við reikningshald og skriftir, sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur allra fyrirtækja. Þó sagðist hún einu sinni hafa unnið í slippnum í beinum skilningi. Guðrún er hávaxin og mjög grónn vexti, jarphærð og hörundsbjört. Hún hefur fengið góða menntun, er útskrifuð af verzlunarskóla í Hull í Englandi og auk þess gekk hún á skóla fyrir sýningarstúlkur í Newcastle. Guðrún hefur tekið þátt í tízkusýningum hér heima og aukið á kunnáttu sína með námi í hinum nýja tízkuskóla í Reykjavík. Aðspurð sagðist Guðrún ekki umgangast Ameríkana af vellinum, enda þótt hún talaði vel ensku og væri í ná-býli við þá. Hún sagðist ekki kunna

Forsíðan



við hugsunarhátt þeirra og ennþá sem komið væri tæki hún Íslendinga fram yfir aðra menn, sem hún hefði kynnt. Hafi hún þökk fyrir það.

Við fórum með Guðrúnu í Sportver og fengum þar lánaðan galla sem færi vel við bílinn. Við völdum ljósrauðar síðbuxur og stakkinn fræga, sem mikla athygli hefur vakið að undanfögnu. Það er alveg rammislenzk flik úr íslenskri ull, en efnið ofið á Álafossi og það er í sauðalitunum gömlu og góðu. Stakkurinn er röndóttur langsum eins og sést á myndinni, en rendurnar eru ýmist grannar eða breiðar. Frú Ásgerður Esther Búadóttir hefur gert munzurteikningu, en frú Dýrleif Ármann hefur teiknað sniðið. Stakkurinn er þó fyrst og fremst búinn til fyrir forgöngu frú Margrétar Árnadóttur í Sportveri. Hún átti hugmyndina og hefur leitað allmikið fyrir sér með útflutning á þessari flik og sýnishorn hafa verið send bæði til Evrópu og Ameríku, þar sem helzt þykir líklegt að þessi alíslenzka flik mundi geta orðið vinsæl. Hvíta húfan, sem Guðrún er með á myndinni, er líka frá Sportveri. ★

Langt finnst þeim sem bíður ...

Kæri Póstur!

Mig langar til þess að biðja þið að birta þetta litla bréf mitt, ef skekynni að einhver, og þá réttir aðilar, tæki mark á því. Svo er mál með vexti, að ég hef verið sjúklingur síðustu árin og þurft mikið að ganga til lækna. Ég ætla ekki að reyna að reikna saman alla þá klukkutíma, sem ég hef setið á biðstofum, en ég er viss um, að ef læknar — sumir hverjir, a.m.k. — sýndu sjúklingum sínum meiri tillitssemi, væri hægt að fækka þessum biðstundum um allan haming. Manni er kannski sagt að koma klukkan tvö — klukkan tvö mætir maður svo á biðstofunni, en þá biða þar allt að því tuttugu manns, svo að sjálfur verður maður að biða kannski klukkutímum saman. Þetta finnst mér óhæft og ættu læknar að reyna að bæta úr þessu. Jafnvel á læknaðum, þar sem verður að panta tíma langt fram í tímann er sömu sögu að segja. Á sumum læknaðum hefur verið tekið upp það fyrirkomulag að sjúklingarnir fá númeraða miða, og er það sannarlega spor í rétta átt. Ég vil beina þeim tilmælum því til lækna hér í bæ að þeir reyni að finna viðunandi lausn á þessu máli, því að sú lausn hlýtur að vera auðfundin.

Með fyrirfram þökk fyrir birtinguna.

Guðrún J. Jóhanns.

Hávaðasamur nágranni ...

Kæra Vika,

Ég bý í sambýlishúsi, og eigandi íbúðarinnar fyrir ofan mig er óskaplegur gleðimaður, því að oft í viku er ekki hægt að sofa fyrir hávaða uppi hjá honum, og það er oft langt fram undir morgun. Spurning mín er: get ég sigað á hann lögreglunni? V—2.

Þú getur svo sem sigað á hann lögreglunni, því að einhverjar umgengnisreglur hljóta að gilda í þessu sambýlishúsi, og auðvitað á hver og einn rétt á sínum svefnfrið. En væri ekki rétt að tala heldur við þennan gleðimann í fullri kurteisi og benda honum á villu sína, áður en lögreglunni er blandað í málið.

Eiga þau að giftast ...

Móðir skrifar Póstinum, en vill ekki láta birta bréfið. Hún á kornunga dóttur, sem á von á barni. Henni er ljóst, að dóttir hennar er bæði óþroskuð og kærir sig auk þess kollótta um verðandi föður barns síns. Móðirin spyr, hvort dóttir hennar eigi ekki rétt á að njóta æsku sinnar, þótt þetta óhapp hafi komið fyrir og hvort það sé skylda ungu stúlkunnar gagnvart barninu að giftast þessum unga manni.

Það er sorglegur sannleikur, að forsendan fyrir allt of mörgum hjónaböndum nútímans er krakki, sem aldrei átti að verða til. Unga stúlkan er enn of óþroskuð til þess að gera sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á henni hvílir. Vissulega á hún rétt á að njóta æsku sninar, og það væri óheilbrigt og jafnvel rangt gagnvart barninu að giftast þessum manni af eintómri „skyldu“ — líkurnar fyrir því að það hjónaband blessist eru sáralitlar.



Þú mátt ekki alltaf klára
Lindu suðu-súkkulaðið.
áður en ég kem því í pottinn!